



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Umsögn um tillögu um fýsileika á kaupum og rekstri loftgæðamælis í Breiðholti.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. febrúar 2024 var lögð fram tillaga íbúaráðs Breiðholts um að kannaður yrði fýsileiki þess að kaupa og reka færanlegan loftgæðamæli í Breiðholti. Tillögunni var vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Eftirfarandi er umsögn skrifstofu umhverfisgæða, unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur:

Heilbrigðiseftirlitið rekur eins og er tvær færanlegar loftgæðafarstöðvar sem færðar eru reglulega milli hverfa til að kortleggja loftgæði. Um er að ræða stöðvar sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í stöðlum og reglugerðum og eru kvarðaðar árlega. Slíkar stöðvar kosta um 22 milljónir nýjar. Umhverfisstofnun rekur tvær fastar mælistöðvar, eina við Grensásveg sem á að endurspeglar mengun við umferðarpungar götur og aðra í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum sem á að endurspeglar bakgrunnsgildi í íbúðarhverfum. Auk þessara fjögurra stöðva er ein mælistöð á vegum Faxaflóahafna í Laugarnesi. Fjöldi mælistöðvar í Reykjavík er yfir þeim kröfum sem gerðar til borgar af þessari stærð. Almennigur á að geta stuðst við gögn í þeim stöðvum sem eru til staðar og miða við aðstæður á þeim stað sem viðkomandi býr og horfa til þeirra stöðva sem eru með svipaða staðsetningu. Óskað hefur verið eftir að fá frekari mælingar í úthverfum borgarinnar og er mögulegt að setja aðra af mælistöðvum Heilbrigðiseftirlitsins upp í Breiðholt, sérstaklega væri þá horft til framtíðaruppbyggingasvæða við Reykjanesbraut. Farstöðvar eru hafðar að lágmarki eitt ár á hverjum stað. Verið er að kanna fýsileika þess að kaupa nýja stöð fyrir Heilbrigðiseftirlitið og myndu þá svifrykstæki í eldri stöð nýtast við mælingar sem vísir að þriðju stöð.

Það er gagnlegt að leiðbeina fólki um hvernig nýta eigi þau gögn sem núverandi stöðvar gefa til að fá hugmynd um loftgæðin á öðrum stöðum í borginni og eins vinnur Umhverfisstofnun að gerð loftgæðaspálkans fyrir allt höfuðborgarsvæðið sem birt verður á næstunni. Með því kerfi getur fólk einnig metið dreifingu á loftmengandi efnunum í sínu nærumhverfi.

Unnt er að festa kaup á ódýrum loftgæðamælum sem eru einfaldir í uppsetningu. Hafa ber í huga að slíkir mælar eru ekki eins nákvæmir og stórar loftgæðamælistöðvar og nýtast gögn úr þeim til að gefa vísbendingar um ástandið en óvissa verður alltaf nokkur.

Heilbrigðiseftirlitið tekur nú þátt í tveggja ára tilraunaverkefni með slíka mæla og hafa niðurstöður ekki verið nægjanlega góðar til að hægt sé að mæla með þessari gerð ódýrra mæla. Mögulegt væri þó að kanna fleiri tegundir ódýrra mæla til að þetta mælinet.

Lagt er til, í ljósi kostnaðar við kaup og rekstur á færanlegri mælistöð og þess að ódýrar stöðvar skila ekki áreiðanlegum gögnum, að ekki verði keyptar og reknar stöðvar í hverju hverfi borgarinnar. Með mögulegri nýrri færanlegri stöð Heilbrigðiseftirlitsins og



Reykjavíkurborg

loftgæðaspálíkani Umhverfisstofnunar má auka mælingar í hverfum og miðla upplýsingum til íbúa um loftgæði. Lagt er til að íbúaráð Breiðholts óski eftir mælingum í hverfinu með annarri af núverandi færanlegum stöðvum Heilbrigðiseftirlitsins.

Virðingarfyllst,
Hildur Sif Hreinsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa umhverfisgæða